

Athugasemd við Fjármálaáætlun 2017 - 2021

740. mál, 145. löggjafarþing - þingsályktunartillaga

Undirritaður vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemd við fyrirætlanir, sem fram koma í þingsályktunartillögunni varðandi barnabætur, sbr. umfjöllun á bls. 199-200 í greinargerð með tillögunni:

Tillögur AGS um breytingar á barnabótum, sem fjármálaráðherra hefur illu heilli gert að sínum í fyrirbyggjandi tillögu að fjármálaáætlun, byggjast á þeirri meinlegu ranghugmynd að barnabætur eigi eingöngu og alfarið að vera framfærslustyrkur til fátækra barnafjölskyldna

Á Norðurlöndunum, í Þýskalandi og víðar ríkir annar skilning á eðli og tilgangi barnabóta, en fyrirbærið er reyndar hvergi kennt við „bætur“ nema hjá okkur. Þar er litið á „barnagreiðsluna“ sem aðferð til að taka tillit til meiri framfærslukostnaðar hjá barnafólkinu, - með því að greiða því til baka hluta af skattinum sem búið var að taka af þeim. Barnagreiðslan þjónar því hliðstæðum tilgangi og persónuafslátturinn hjá þeim fullorðnu, en eins og allir vita hafa allir fullorðnir jafnmikinn persónuafslátt. Þessvegna eru barnagreiðslurnar á Norðurlöndum og í Þýskalandi líka þær sömu fyrir öll börn, óháð tekjum foreldranna.

Ef það nefnilega væri þannig að sumir foreldrar fengju engar barnabætur vegna „of hárra“ tekna, - eins og margir verða fyrir hér á landi, - þá væri enginn munur á sköttum þeirra og sköttum barnlauss fólks með sömu tekjur. Ríkið tæki þá ekkert tillit til þess í skattheimtunni að barnafjölskyldan þarf meira fé sér til lífsviðurværis en sú barnlausa.


Tekist var á um þessa hluti fyrir dómstólum í Þýskaland fyrir rúmum 25 árum. Þá var við lýði tekjutenging „Kindergeldes“, en borgari nokkur og fjölskylduafaðir kærði skattlagningu sína og taldi ekki tekið nægjanlegt tillit til framfærslukostnaðar barnanna í skattinum. Málið fór alla leið fyrir stjórnlagadómstól landsins, sem úrskurðaði 29. maí 1990 að tekjutenging Kindergeldes væri brot á 3. og 6. gr. stjórnarskrárinnar¹, sem bæri að túlka þannig að „lágmarksframfærslukostnaður einstaklinga og fjölskyldna yrði að vera tekju-skattsfrjáls“, - einungis mætti skattleggja þær tekjur sem þar væru umfram. Því yrði alltaf að taka tillit til þess í skattlagningunni hvort börn væru á framfæri eða ekki, - hvort heldur væri neðarlega eða ofarlega í tekjustiganum.

Frá þessum tíma hefur Kindergeld í Þýskalandi verið ótekjutengt og öllum þar er ljóst að annað væri brot á stjórnarskránni. Barnagreiðslur á Norðurlöndum eru líka ótekjutengdir, eins og t.d. þeir Íslendingar sem flutt hafa til Noregs á undanförunum árum hafa orðið varir við, og að baki því liggur sama hugsun og í Þýskalandi.

¹⁾ 3. gr. er jafnræðisreglan, 6. gr. er um skyldu ríkisins til að veita fjölskyldu og hjónabandi sérstaka vernd.

Við eigum að taka frændur okkar á Norðurlöndum og Þjóðverja til fyrirmyndar í þessu sem mörgu öðru en hafna algerlega þessum fráleitu tillögum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Miklu fremur ættum við að stefna að því að afnema tekjutengingu barnabóta, - það er réttlætismál og myndi verða kjarabót til alls þorra barnafjölskyldna, og þá þyldum við að þessu leyti samanburð við hin Norðurlöndin.

Virðingarfyllt,



Finnur Birgisson
finnur.ark@simnet.is